

Ísafirði 06.03.2023

Efni : Skýrsla stjórnar Skotís vegna 2023.

Starfsemi hjá Skotís er smá saman að komast í samt form eftir Covid.

Félagar í Skotís í nokkrum mótum og skiluðu að venju mjög góðum árangri .

Félagar í ríffildeild Skotís náðu að keppa nokkru sinnum og stóðu sig frábærlega að venju, keppnisárið byrjaði á landsmóti Sti (Skotsambands Íslands) ,þar sem Skotís stóð sig með sóma að venju .félags starfið hefur verið í dvala síðan covid byrjaði og voru engar innanfélagskeppnir haldnar á árinu það er eitthvað sem við verðum að fara að koma á stað

.haldin voru skotvopnanámskeið .þ.e.a.s. verklegi hlutinn af skotvopnanámskeiðinu og gekk það vonum framar .

Haglabyssudeildin lifnaði vel við árið 21 en ekki var jafn mikil stemming 22 en það var keyptur nýr leirdufukastari sem enn á eftir að setja upp og þarf að byggja eitthvað yfir hann

Skýrsla bogfimdeildar Skotís.

Við erum enn að finna fyrir niðursveiflu vegna Covid, Fyrrum iðkendur eru ekki að skila sér aftur í íþróttina.

Tveir nemendur úr menntaskólanum á afreksbraut kláruðu fyrsta veturinn í bogfimi á vorönn, á haustönn bættist einn nemandi til viðbótar við og eru því þrír nemendur að taka íþróttaráfanga hjá Skotís.

Undanfarin ár höfum við verið með kynningu á bogfimi í samstarfi við Grunnskólann á Ísafirði í lok skólaárs, í ár komu rúmlega 80 nemendur og fengu að prufa.

Sumarið var mjög rólegt, nokkrir hópar komu prufuðu bogfimi. Þegar fór að líða að hausti fór starfið vel af stað, fjöldi ungmenna fór að mæta og yfirleitt var fullt á öllum skotmörkum.

Umsjónarmaður bogfimdeildarinnar bætti við sig þjálfunarréttindi, til viðbótar við ÍSí þjálfararéttindin og nú með “World Archery level 1 coach” sem er alþjóðleg réttindi til að þjálfa undir merkjum Alþjóða bogfimisambandsins.

Aðeins einn iðkandi tók þátt í einu móti og tók Íslandsmeistaratitil.

Kristján G. Sigurðsson Bogfimiþjálfari.

píludeild Skotís var stofnuð á árinu og var verið að undirbúa það ,og sést sá árangur núna ,um vorið 22 var farið að koma upp pílueðstöðu hér og var Skotís fljótlega komin inn í þær umræður ,í september var byrjað að koma þessu á stað og laga aðstöðuna mikil uppbygging hefur verið síðan og hefur píludeildin vaxið ótrúlega síðan .

Páll Brynjar Pálsson píludeild

með kveðju
Valur Richter

Skotís

